

STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

Ár 2018, föstudaginn 19. janúar, var haldinn 280. fundur stjórnar Strætó bs. Fundurinn fór fram í Mjódd og hófst hann kl. 11.00. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Gunnar Valur Gíslason, Sverrir Óskarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Theódór Kristjánsson varamaður. Fjarverandi: Sigrún Edda Jónsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri Fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Lífeyrissjóðsuppgjör við Brú lífeyrissjóð
2. Vetnisverkefni
3. Yfirlit yfir aksturssamninga
4. Hvað má fara í vagninn
5. Húsnæðismál
6. Ferðavenjukönnun 2017
7. Önnur mál

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá endurskoðunarnefnd Strætó, dags. 17. janúar 2018, varðandi fyrirbyggjandi reikning frá Brú lífeyrissjóði og þá kröfu sem fyrirtækinu hefur borist frá Brú lífeyrissjóði varðandi uppgjör Strætó við sjóðinn. Fram fer kynning á yfirferð Reykjavíkurborgar á tryggingafræðilegri athugun á Brú lífeyrissjóði miðað lok maí 2017 og hvort rétt iðgjöld séu skráð á hvern launaþega borgarinnar. Meginniðurstaða fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar er að engar athugasemdir eru við tryggingafræðilegu athuginuna.

Í samræmi við bókun á fundi stjórnar 5. janúar sl. óskaði framkvæmdastjóri Strætó eftir skriflegum útskýringum frá Brú lífeyrissjóði á því hvers vegna fyrirbyggjandi uppgjör er svo mjög frábrugðið þeirri áætlun sem Brú lífeyrissjóður hafði áður lagt fram varðandi uppgjör Strætó við sjóðinn. Ekki hefur borist formlegt svar frá sjóðnum. Þó hefur borist tilkynning um að stjórn lífeyrissjóðsins hafi samþykkt að færa gjalddaga framlags Strætó til 15. febrúar 2018.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita eftir samvinnu við fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um mat á réttmæti þeirrar kröfu sem fyrirtækinu hefur borist og til að fara yfir útreikninga lífeyrissjóðsins Brúar á framlagi Strætó. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að leita samninga við lífeyrissjóðinn um lengri greiðslufrest á reikningsfærðri kröfu þar til stjórnin hefur haft svigrúm til að skoða betur grundvöll hennar og til að tryggja ásættanlega fjármögnun á framlagi Strætó vegna uppgjors við sjóðinn.

2. Fram fer umræða um stöðu vetnisverkefnis á vegum Evrópusambandsins sem gengur undir nafninu „Joint Initiative for hydrogen Vehicles across Europe“ (JIVE II FCH-JU EU) og var síðast til umfjöllunar á fundi stjórnar 13. október 2017. Lögð fram tillaga, dags. 22. desember 2017, að samstarfsyfirlýsingu Strætó bs. og Íslenskrar NýOrku um styrk frá Evrópusambandinu til að kaupa fimm vetnisstrætisvagna. Samkvæmt yfirlýsingunni er gert ráð fyrir að útboð fari fram á síðari hluta árs 2018 og að vagnarnir verði komnir í umferð í lok árs 2019.

Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að undirrita fyrirbyggjandi samstarfsyfirlýsingu fyrir hönd Strætó bs.

3. Fram fer kynning á stöðu aksturssamninga og hvernig akstur Strætó á höfuðborgarsvæðinu skiptist, þ.e. eigin akstur Strætó er um 51%, Kynnisferðir eru með um 35% og Hagvagnar eru með um 14% af öllum akstri almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu.
4. Fram fer kynning á fyrirhugaða undanþágu á reglugerð umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem felur í sér að gæludýr yrðu leyfð í strætisvögnum, að gefnum skilyrðum uppfylltum. Stjórn Strætó er jákvæð gagnvart þessum breytingum en engin ákvörðun hefur verið tekin hvort gæludýr verði leyfð eða ekki.

5. Lögð fram fullunnin drög að húsaleigusamningi milli Strætó bs. og Reykjavíkurborgar um atvinnuhúsnaði að Hesthálsi 14, 109 Reykjavík. Samningurinn var samþykktur af hálfu Reykjavíkurborgar á fundi borgarráðs 14. desember 2017. Frestað.
 6. Fram fer kynning á niðurstöðum ferðavenjukönnunar á meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins sem framkvæmd var á tímabilinu 4. október- 13. nóvember 2017. Könnunin er unnin fyrir umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Vegagerðina og er markmiðið að kanna ferðir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Úrtakið voru 14.561 íbúar höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 6-80 ára og voru þeir valdir af handahófi úr Þjóðskrá eða úr viðhorfshópi Gallup. Þátttökuhlutfallið var 41,6%. Þeir sem lentu í þjóðskrárártaki fengu sent bréf í hefðbundnum pósti þar sem könnunin var kynnt og þeir beðnir að svara með því að fara á vefslóð og slá inn veflykil. Hringt var í þátttakendur sem ekki höfðu svarað innan tiltekins tíma og þeim boðið að svara í síma. Þeir sem lentu í úrtaki úr viðhorfshópi fengu sendan tölvupóst með hlekk í könnunina sem svarað var á Netinu.
- Matthías Þorvaldsson, viðskiptastjóri hjá Gallup, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
7. Önnur mál
 - a) Áskorun frá íbúum Staðahverfis í Grafarvogi, dags. 18. desember 2017, lögð fram.
 - b) Mælaborð Strætó 2017, lagt fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið: kl. 13.00

Fylgiskjöl:

- Samstarfsyfirlýsing Strætó bs. og Íslenskrar NýOrku vegna EB verkefnis, dagsett 22.12.2017
- Ferðavenjukönnun Gallup 2017

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sverrir Óskarsson
Theódór Kristjánsson

Guðlaug Kristjánsdóttir
Gunnar Valur Gíslason